

Umsögn Fljótsdalshrepps um frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps hefur áður veitt umsögn um frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun, mál nr. s-99/2018.

Frumvarp það sem nú er kynnt til samráðs þ.e. frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða er mjög breytt hvað það varðar að það frumvarp sem nú er lagt fram gerir ráð fyrir að Hálendisþjóðgarður verði stofnaður og falli undir lög um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða

Sveitarstjórn hefur veitt um umsögn um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð sem kynnt hefur verið til samráðs . Í umsögn sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps kemur fram að hún er andvíg því að Hálendisþjóðgarður verði stofnaður með þeim hætti sem frumvarp um Hálendisþjóðgarð segir til um.

Sveitarstjórn getur því ekki veitt jákvæða umsögn um frumvarp það sem fyrir liggur um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða og lýsir yfir andstöðu við að frumvarpið nái fram að ganga.

f.h. sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps,

Gunnþórunn Ingólfssdóttir, oddviti